



Hafðu samband til að fá besta verð

Hreint út sagt frábær stjörnusjónauki fyrir byrjendur og lengra komna en sér í lagi unga stjörnuáhugamenn. Sjónaukinn er sárafjöldur í notkun og ótrúlega meðfærilegur þrátt fyrir að hafa 8 tommu ljósop. Þetta er einfaldlega einn allra besta byrjandasjónaukinn sem völ er á, sérstaklega þegar mið er tekið af verðinu.

Með þessum frábæra byrjandasjónauka sérðu bjartar og skarpar myndir af tunglinu og reikistjörnunum. Auðvelt er að sjá tungl og skýjabelti Júpíters og stórbrotið hringakerfi Satúrnusar og fín smáatriði á Mars á borð við pólhettur, ský og dökk- og ljósleit svæði og jafnvel sjálft Ólympusfjall!

Djúpfyrirbæri eins og stjörnuþokur, stjörnuþyrpingar og vetrarbrautir sjást sérstaklega vel með þessum sjónauka þar sem hann hefur nokkuð stórt ljósop. **Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness og Stjörnufræðivefurinn mæla sérstaklega með þessum frábæra byrjandasjónauka.**

- Tegund: Dobson spegilsjónauki
- Ljósop: 8 tommur (203mm)
- Brennivídd: 1200mm
- Brennihlutfall: f/5,9
- Birtumörk: +14,2
- Mesta gagnlega stækkun: 350x
- Stjörnuljósmyndun: Nei, nema aðeins einföld tunglmyndataka

Hvað fylgir með?

- Allt sem sést á myndinni
- 25mm Sirius Plössl augngler (48x stækkun)
- EZ Finder miðari
- Tveggja ára ábyrgð

Þarf ég eitthvað fleira?

Gagnlegir fylgihlutir fyrir SkyQuest XT6. Hafðu samband ef þú vilt fá hjálp við valið.



Augngler

Augngler eru langmikilvægustu fylgihlutir stjörnusjónauka. Þau ráða bæði stækkun og sjónsviði hans og

[Sjá nánar.](#)



Tungl- og sólarsía

Síur geta reynst mjög gagnlegar í stjörnuskoðun. Tunglsía er mjög gagnleg til að skoða tunglið þar sem

[Sjá nánar.](#)



Starry Night Enthusiast hugbúnaðurinn

Starry Night hugbúnaðurinn er einn allra besta stjörnufræðihugbúnaður sem völ er á. Með honum er hægt

[Sjá nánar](#) .

